

Fundargerð 17. stjórnarfundar
starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 26. maí 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Benóný Jónsson, Felix Sigurðsson, Forföll: Hannes Strange, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Sigurður Ingvarsson. Einnig sátu fundinn Unnur Sigurðardóttir verkefnastjóri, Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 16. fundar stjórnar samþykkt.
2. Fjármál
 - 2.1. Formaður rakti óskir viðskiptabanka FRÍ um skilmálabreytingar á lánum sambandsins. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá breytingum í samræmi við óskir bankans.
 - 2.2. Lögð fram endurskoðuð áætlun á kostnaði vegna þátttöku í alþjóðlegum mótum í sumar. Kostnaður í heild verður lægri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.
 - 2.3. Demantamótin 2011. Fyrir liggur samningur við réttihafa Demantamótanna um sýningar á 10 mótum á ári næstu fjögur ár á sama verði og sex mót voru á sl. ári. Samþykkt að gera samning til fjögurra ára. Einnig liggur fyrir samkomulag við þrjú fyrirtæki um fjármögnun hlutar FRÍ sumarið 2011 og verður að óbreyttu nokkur tekjuafgangur
 - 2.4. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir nokkrum minni samningum um fjármögnun búningakaupa og ýmsa þætti vegna Evrópubikars.
 - 2.5. Innheimta mótagjalda. Framkvæmdastjóra falið að ganga eftir innheimtu á hlut sambandsins í skráningagjöldum móta á vegum FRÍ.
 - 2.6. Unnur fór yfir búningamál. Nokkur afföll verða á búningum sem afhentir eru landsliðsfólki. Hún lagði til að einstaklingar í gullhópi fengju búninga afhenta til umræða, þ.e. þyrftu ekki að skila þeim að aflokinni keppni. Samþykkt og einnig ákveðið að ganga eftir skilum á búningum en árlegur kostnaður FRÍ er talsverður vegna þessara vanskila.
 - 2.7. Starfsmannamál. Samþykkt að óska eftir því við Unni að hún sinni störfum á skrifstofu í sumarleyfi framkvæmdastjóra.
3. Fundir og ráðstefnur
 - 3.1. Gunnlaugur Júlíusson var kjörinn varamaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ á nýafstöðnu Íþróttabingi. Samþykkt að bjóða honum á fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.
 - 3.2. Formaður lagði til að framkvæmdastjóri yrði fulltrúi FRÍ á þingi IAAF síðar á þessu ári. Einnig var samþykkt að Þórdís Gísladóttir færi á þingið, en hún er í framboði til jafnréttisnefndar IAAF.
4. Afgreiðslumál – erindi
 - 4.1. Smáþjóðaleikarnir 2011. Unnur lagði fram yfirlit um þátttakendur. Samþykkt.
 - 4.2. Farastjórar og liðsstjórar á alþjóðlegum mótum í sumar. Íþrótt- og afreksnefnd falið að koma með tillögur í samræmi við áætlaðan fjölda í kostnaðaráætlun fyrir alþjóðleg mót 2011 og aðstæður hverju sinni.
 - 4.3. Norðurlandamót í 10 km hlaupi var á Selfossi 22. maí sl. samhliða Vormóti Umf. Selfoss. Benóný Jónsson gerði grein fyrir framkvæmd mótsins sem tókst vel þrátt fyrir mikinn vind og gosösku. Eldgos tafði brottför nokkurra keppenda, en án þess að fjárhagslegur skaði yrði fyrir FRÍ eða framkvæmdaaðila mótsins.

- 4.4. IAAF/AIMS götuhlaupanámskeið var haldið dagana 13. til 15. maí sl. Leiðbeinandi var aðalleiðbeinandi og framkvæmdastjóri AIMS, Hugh Jones. Þáttakendur voru: Guðmundur Magni Þorsteinsson, Ingólfur Örn Arnarson, Kristján Ágústsson, Stefán Örn Einarsson. Formaður almenningshlaupaneftdar sá um framkvæmd í samstarfi við skrifstofu FRÍ. Kostnaður er áætlaður um 450 þús. en styrkur frá ÍSÍ nemur um 75 þús. Samþykkt að kalla saman þáttakendur á námskeiðinu og vinna drög að reglum um götuhlaup sem m.a. miðist við að enginn árangur í götuhlaupum verði viðurkenndur á afrekaskrá, nema að hlaupaleið sé mæld skv. reglum IAAF/AIMS og að öðrum skilyrðum sé fullnægt. Samþykkt að tekið verði upp hóflegt gjald fyrir mælingar á götuhlaupaleiðum sem einstaklingar með réttindi IAAF/AIMS sinna.
- 4.5. Evrópubíkarinn 18. og 19. júní nk. Formaður fór yfir undirbúning og stöðu mála, kostnaðarliði, hótél bókanir o.fl. Hann telur kostnaðarþætti verða innan áætlunar.
- 4.6. Skólaþríprautin. Ákveðið að fara í endurskoðun á þessu verkefni. Framkvæmd hefur ekki tekist sem skyldi, kostnaður of mikill m.v. þátttöku. Framkvæmdastjóra falið að vinna að tillögum um framhald verkefnisins.
- 4.7. Mí 11-14 ára í Vík 25. og 26. maí nk. Lögð fram samantekt framkvæmdastjóra og Þorsteins Þorsteinssonar í framhaldi af heimsókn þeirra á vettvang 10. maí sl. Nokkrar endurbætur þarf að gera á vellinum. Samþykkt að senda samantektina til USVS og sveitarstjórnar. Einnig samþykkt að taka til skoðunar reglur um umgjörð og aðstæður frjálsíþróttavalla. Fyrirmynd er t.d. í Noregi þar sem norska sambandið hefur eftirlit með öllum frjálsíþróttavöllum í Noregi í samvinnu við ríkið og sveitarfélög.

5. Næsti fundur ákveðinn síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:20.

Jónas Egilsson.